

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 2006 í máli nr. S-106/2006:**

**Ákærvaldið**

*(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., er höfðað með ákæru á hendur X, [...], Reykjavík, „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa að morgni sunnudagsins 16. október 2005 á heimili sínu og unnustu sinnar, A, kennitala [...], að [...], Reykjavík, hrint A í gólfíð og sparkað af afli í neðanvert bak hennar með þeim afleiðingum að gat kom á smágirni. Við þetta komst A í lífshættulegt ástand og þurfti hún að undirgangast skurðaðgerð.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Við aðalmeðferð málsins breytti sækjandi ákæru á þann veg að í stað orðalagsins „og sparkað af afli í neðanvert bak hennar“ kæmi „og stappað einu sinni af afli“.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá 20. október 2005 fór lögregla að [...], Reykjavík, aðfaranótt sunnudagsins 16. október 2005, eftir að tilkynning hafði borist um átök milli sambúðarpars. Í tilkynningu til lögreglu kom fram að konan hefði stungið manninn í hálsinn með hnífi. Er lögregla kom á vettvang hittist A þar fyrir, en hún var þá fyrir framan íbúð sína og hélt um magann. Ákærði var inni í íbúðinni, en á honum voru engir sjáanlegir áverkar eftir hníf og fullyrtu þau bæði að hníf hefði ekki verið beitt. Að sögn A hafði komið til átaka milli þeirra sem lyktaði með því að ákærði sparkaði eða trampaði á maga A, að hennar sögn, og kvaðst

hún kenna mjög til í maganum. Ákærði tjáði lögreglumönnum á vettvangi að A hefði lamið hann með gítarnum sínum og var ákærði með roða á bringu og ofarlega á maga. Þá var hann hrufaður á hálsi vinstra megin. Hann kannaðist ekki við að hafa lagt á A hendur eða sparkað í maga hennar, aðeins haldið henni frá sér. Í íbúðinni voru engin sjáanleg merki um átök, aðeins brotinn gítar framan við svefnherbergisdyr.

Yfirlæknir á skurðeild Landspítala við Hringbraut hafði samband við lögreglu að morgni 18. október 2005 og tilkynnti að þar inni lægi A sem væri slösuð eftir líkamsárás, en í ljós hefði komið eftir sneiðmyndatöku að hún væri með slitid mjógirni. B lögreglumaður fór þá á Landspítalann og ræddi við yfirlækninn sem tjáði lögreglu að A hefði gengist undir skurðaðgerð og að sögn yfirlæknisins var um að ræða lífshættulega áverka. Lögreglumaðurinn ræddi í kjölfarið við A sem tjáði lögreglu að eftir rifrildi þeirra ákærða í milli, hefði hún slegið ákærða með gítarnum hans og hann brotnað. Við það hafi ákærði orðið mjög reiður og hrint A þannig að hún féll á magann. Hafi þá ákærði „þrammað með öðrum fætinum“ einu sinni mjög þungt á mjóbak hennar og ákærði síðan kallað til lögreglu. Hún hafi einhvern veginn komist fram á gang og nágranni hennar kallað á sjúkrahúsið.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 19. október sl. bar ákærði á svipaðan veg um atvik og A hafði gert. Hann kvaðst aðeins hafa ætlað sér að róa niður þetta rifrildisástand sem orðið hefði þeirra á milli, en kvaðst sjá það nú að hann hefði brugðist of harkalega við.

Samkvæmt læknisvottorði C skurðlæknis frá 7. nóvember 2005 leitaði A á slysideild Landspítalans aðfaranótt 16. október sl. Að hennar sögn hafði sambýlismaður hennar hrint henni og hoppað ofan á kvið hennar. Í vottorðinu segir að A hafi verið mjög þjökuð af verkjum og kviður hafi verið spenntur. Fengin hafi verið tölvusneiðmynd af kvið sem sýndi engin ákveðin merki um áverka. Vegna ástands hennar hafi verið ákveðið að fylgjast með henni á gæsludeild. Hún hafi verið stöðug í lífsmörkum og blóðrannsóknir hafi verið innan eðlilegra marka. Tölvusneiðmynd af kvið hafi verið endurtekin og þá komið í ljós aukinn vökvi í kvið og þéttingar sem gáfu vísbendingu um áverka. Í framhaldinu hafi hún verið flutt á skurðlækningadeild við Hringbraut. Hún hafi þá verið komin með hita og kviður þaninn. Vegna versnandi ástands hennar hafi verið ákveðið að taka hana til aðgerðar. Við kviðarholsspeglun hafi komið í ljós gat á smágirni. Því hafi verið gerð á henni opin aðgerð, þar sem í ljós kom gat, ofarlega á smágirni, eða um 40 sm frá skeifugörn. Ekki var að greina önnur áverkamerki og hafi gatinu verið lokað með saumum. Gangur á aðgerð var eftir atvikum eðlilegur og ekki hafi komið fram önnur áverkamerki. Hún hafi útskrifast

heim til sín við ágæta líðan og verið í eftirliti á göngudeild og hafi líðan hennar farið batnandi. Hún hafi verið farin að nærast eðlilega og verkir hennar verið batnandi. Í niðurstöðu vottorðsins segir að A hafi orðið fyrir alvarlegri líkamsárás með áverka á garnir sem leitt hafi til aðgerðar. Hún hafi eftir atvikum jafnað sig eðlilega eftir aðgerðina og mat læknisins var að hún jafnaði sig fullkomlega.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði kvað þau A hafa verið saman í um tvö ár og kvað þau búa saman nú. Hann kvað atvik hafa verið með þeim hætti að þau hafi verið að skemmta sér umrædda nótt. Þau hafi farið að rífast og mikið hafi gengið á. Hann hafi gengið inn í herbergi og ætlað að fara að sofa, en A hafi komið þangað og ætlað að halda áfram, en ákærði hafi rekið hana út og lokað svefnherbergishurðinni. A hafi þá komið aftur inn í herbergið og slegið hann með kassagítar í kviðinn. Gítarinn hafi algerlega farið í mál. Ákærði hafi skorist á kvið, bringu og hálsi eftir strengina. Ákærði hafi þá rokið á fætur og ýtt við A, þannig að hún féll í gólfið. Hún hafi lent á fjórum fótum, nánast rétt fyrir framan herbergisdyrnar og ákærði hafi þá sett annan fótinn á bak hennar og ýtt henni niður, með líkamspunga sínum, en hann kvaðst ekki hafa sparkað í hana. A hafi fallið alveg niður í gólf og hefði þá komið högg á maga hennar. A hafi ekki verið komin út úr herberginu þegar ákærði rauk á fætur. Ákærði kvað ástæðu þess að hann hafi ýtt A niður í gólf hafa verið þá að hann hafi verið að reyna að koma á ró, þar sem mikið hafi gengið á og hann hafi ekki vitað hvað vakti fyrir A, einkum í ljósi þess að A hafði þá þegar lamið hann með gítarnum. Ákærði kvaðst nú vera í Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum, auk þess sem ákærði kvaðst vera í vinnu.

Vitnið A kvaðst hafa verið að skemmta sér með ákærða umrædda nótt. Er þau komu heim hafi þau farið að rífast og hafi ákærði farið inn í svefnherbergi og ekki nennt að hlusta á hana. Vitnið hafi ekki verið sátt við það og hafi ákærði hent henni út úr herberginu. Hún hafi þá sótt kassagítar ákærða og farið með hann í svefnherbergið og slegið ákærða í kvið og bringu með gítarnum. Ákærði hafi rokið á fætur og rifið í hana og hrint henni í gólfið. Síðan hafi ákærði sett annan fótinn á bak vitnisins og ýtt henni í gólfið. Hún hafi fyrst lent á fjórum fótum, en við það að ákærði setti fót sinn á bak hennar hafi vitnið lent á maganum á gólfinu. Vitnið kvað ákærða ekki hafa sparkað eða stappað á baki sínu, einungis stigið fast á bakið og ýtt henni niður. Hún hafi ekki fundið til óþæginda í fyrstu, en er hún hafi ætlað að standa upp hafi hún fundið til sársauka. Ákærði hafi svo hringt á lögreglu og gengið í burtu. Vitnið hafi sagt ákærða að þetta hafi verið mjög vont en ákærði hafi ekki áttað sig á því. Vitnið

hafi svo skriðið fram á gang og nágranni hennar hafi hringt á sjúkrabíl. Vitnið kvað ákærða hafa síðar komið fram á gang með skál fyrir vitnið, þar sem vitnið hafi kúgast og ælt. Vitnið kvaðst hafa verið 11 daga á spítalanum. Vitnið kvaðst hafa þurft að taka mikið af verkjalyfjum, en líkami hennar hafi brugðist illa við sumum lyfjum og hafi hún þurft að taka önnur lyf sem verkuðu á móti þeim. Hún kvað ákærða hafa komið til sín á hverjum degi á meðan hún dvaldi á spítalanum. Hún kvaðst hafa þurft að taka það rólega fyrst um sinn, en ekki getað stundað vinnu í tvær vikur frá því að hún kom af spítalanum. Vitnið kvað þau ákærða ætla að halda áfram að búa saman.

*Vitnið D* kvaðst hafa vaknað við að dyrabjallan hjá henni hringdi að morgni sunnudagsins 16. október sl. Þá hafi nágrannakona hennar legið eða kropið við dyrnar og sagst finna mikið til og sagt að ákærði hefði traðkað ofan á maganum á sér. Ákærði hafi staðið í dragættinni á íbúð hennar og sagt A að sjúkrabíll væri á leiðinni, en A hafi beðið vitnið um hníf. Vitnið hafi ekki sótt hníf, en hringt á lögreglu. Ákærði hafi einnig boðist til að koma með skál handa A, þar sem hún kúgaðist. Síðan hafi lögregla komið á vettvang og þá hafi vitnið dregið sig í hlé.

*Vitnið E lögreglumaður* kvaðst hafa farið á vettvang umrædda nótt. Hann kvaðst hafa talið, á grundvelli tilkynningar sem barst lögreglu, að hnífi hefði verið beitt. Hins vegar hefði komið í ljós þegar á vettvang var komið, að svo var ekki. Vitnið kvað stúlku hafa setið á gólfi stigagangsins og hafi hún haldið um kviðinn. Lögreglan hafi farið inn í íbúð þeirra, en vitnið kvaðst hafa rætt við stúlkuna á ganginum og hefði stúlkan sagt að ákærði hefði sparkað í magann á sér. Vitnið kvað frumskýrslu þá sem liggur frammi í málinu hafa verið gerða nokkrum dögum eftir útkallið, þ.e. eftir að læknir hafði haft samband við lögreglu og tjáð lögreglu hvers kyns var með A.

*Vitnið C læknir* kvaðst hafa gert skurðaðgerð á A seinni part dagsins 17. október 2005. Vitnið kvaðst ekki muna eftir ytri áverkum á henni, hvorki baki hennar né maga. Við aðgerðina hafi komið í ljós gat á mjógirni og töluvert af garnainnihaldi sem hafði lekið út. A hafi verið komin með lífhimnubólgu þegar hún var tekin til aðgerðar. Aðgerðin hafi falist í því að loka gatinu á smágirninu og hafi það gengið ágætlega. Engir aðrir áverkar hafi verið sjáanlegir í kviðarholinu. Vitnið kvað um alvarlegan áverka að ræða og helst sé að sjá sambærilegan áverka eftir bílslys. Þessi áverki valdi lífhimnubólgu, en lífhimnubólga sé lífshættulegt ástand. Vitnið kvað svona áverka hljóttast af miklum þrýstingi sem verði í görninni og valdi því að görnin springi. Einnig geti svona áverki hlotist við mar á görn, sem leggist upp við hryggsúluna.

Vitnið kvað gat á smágirni A hafa verið á þeim stað þar sem görnin er minnst sveigjanleg. Vitnið kvað töluvert afl þurfa til að valda sambærilegum áverka.

Vitnið kvað hugsanlegt að samgróningar verði í görninni eftir svona aðgerð, en ekki sé unnt að segja til um hvort A lendi í því.

Niðurstaða.

Ákærði hefur játað að hafa stigið ofan á bak A og notað líkamsþunga sinn til þess að ýta henni niður í gólfíð. Þetta hafi ákærði gert vegna undanfarandi árásar af hennar hálfu og til að afstýra frekari árásum. Ákærði játaði því að afleiðingar árásar hans hafi verið þær sem í ákæru greinir.

A bar á sama veg fyrir dómi og ákærði um árásina og kvað ákærða hvorki hafa sparkað í bak sitt, né stappað á því, hann hafi einungis stigið með fæti sínum ofan á neðanvert bak hennar og þrýst henni niður í gólfíð.

Er lögregla yfirheyrði A á Landspítalanum, fyrst eftir árásina, kvað hún ákærða hafa „þrammað einu sinni með fætinum“ ofan á baki hennar.

Vitnið C læknir kvað mikið afl þurfa til þess að valda þeim áverkum á mjógirni, sem A hlaut umrætt sinn og sæjust sambærilegir áverkar helst í bílslysum.

Með hliðsjón af þeim vitnisburði læknisins, er ljóst að ákærði hefur þurft að leggja allan þunga sinn í að þrýsta A niður og því að mati dómsins sannað að ákærði hafi stappað einu sinni af afli í bak A. Með hliðsjón af framlögðu læknisvottorði um afleiðingar árásar ákærða, framburði vitnisins C og framburði ákærða sjálfs fyrir dómi, er og sannað að afleiðingar árásarinnar voru þær sem í ákæru greinir. Þegar litið er til þeirra alvarlegu áverka sem A hlaut við árás ákærða, er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru, jafnvel þótt verknaðaraðferð ákærða verði ekki talin sérstaklega hættuleg og að afleiðingar árásarinnar hafi verið meiri en vænta mátti.

Ákærði er fæddur 10. apríl 1982. Samkvæmt sakavottorði hans gekkst hann undir greiðslu 55.000 króna sektar 2. mars 1998 fyrir brot gegn 1. mgr. 13. gr., 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., 3. mgr. 42. gr., 3. mgr. 55. og 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga og var þá sviptur ökurétti í 12 mánuði. Hann gekkst aftur undir lögreglustjórasekt 21. febrúar 2000, fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga og var þá sviptur ökurétti í 12 mánuði. Ákærði hlaut 30 daga fangelsisdóm, skilorðsbundinn í 3 ár, 18. október 2000 fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Hann gekkst undir greiðslu 60.000 króna sektar 29. júlí 2004, fyrir brot gegn 1. mgr. 4. gr., 1., sbr. 2.

mgr. 45. gr. umferðarlaga. Síðast gekkst hann undir greiðslu 100.000 króna sektar 17. febrúar 2005 fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt framangreindu hefur ákærði áður hlotið dóm fyrir líkamsárás, en þá var ákærði ekki orðinn 18 ára. Verður því ítrekunarákvæði 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga ekki beitt við ákvörðun refsingar ákærða.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að líta til þess að samkvæmt samhljóða framburði ákærða og A höfðu þau átt í heiftarlegu rifrildi skömmu áður en ákærði veitti A þá áverka sem í ákæru greinir og hafi A ekki verið sátt við að ákærði færi inn í svefnherbergi og vildi ekki ræða frekar við hana. Hafi þá A sótt kassagítar ákærða og lamið ákærða með gítarnum í kvið hans og bringu, með þeim afleiðingum að kassagítarinn mölbrotnaði. Samkvæmt samhljóða framburði þeirra brást ákærði við á þann veg að hann hrinti A í gólfið og steig með öðrum fætinum ofan á bak hennar og þrýsti henni í gólfið. Í ljósi þeirrar atburðarásar er ákærði og A lýstu fyrir dóminum og framburði vitnisins D, um að A hefði, í kjölfar árásarinnar, óskað eftir því að D sækti hníf, er að mati dómsins ekki ótrúverðugur sá framburður ákærða að hann hafi talið nauðsynlegt að stöðva A, þar sem hann hafi ekki vitað hvað hún hygðist fyrir.

Af framangreindri atburðarás verður glögglega ráðið að árás ákærða átti sér töluverðan aðdraganda og að árás ákærða var unnin í mikilli geðæsingum eða reiði, sem A hafði vakið hjá honum. Ber því við ákvörðun refsingar að líta til 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Jafnframt verður litið til þess að ákærði hringdi á lögreglu, þegar eftir árásina og játaði brot sitt að stærstum hluta fyrir dóminum.

Þegar framangreint er virt er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en með hliðsjón af atvikum máls þessa er rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða og falli hún niður að liðnum 3 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að annan sakarkostnað hafi leitt af málinu en málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem eru ákveðin 112.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 5 mánuði, en frestað er fullnustu refsingar ákærða og falli hún niður að liðnum 3 árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 112.000 krónur.

Ingveldur Einarsdóttir